

Reykjavík, 2. mars 2021
UST202001-483/F.P.
09.03

Efni: Tillaga að friðlýsingu þjóðgarðs á Vestfjörðum

Undanfarið hefur Umhverfisstofnun, ásamt samstarfshópi skipuðum fulltrúum frá Vesturbyggð, Ísafjarðarbæ, umhverfis- og auðlindaráðuneyti, forsætisráðuneyti, Landgræðslusjóði og mennta- og menningarmálaráðuneyti, unnið að undirbúningi á stofnun þjóðgarðs á sunnanverðum Vestfjörðum skv. 47. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Svæðið nær m.a. til Dynjanda, Geirþjófsfjarðar, Vatnsfjarðar og Hrafnseyrar. Samkvæmt 2. mgr. 39. gr. sömu laga skal Umhverfisstofnun gera drög að friðlýsingarskilmálum og leggja fyrir landeigendur og aðra réttihafa lands, viðkomandi sveitarfélög og aðra sem hagsmuna eiga að gæta. Frestur til að gera athugasemdir við fyrirhugaða friðlýsingu skal vera þrjú mánuðir og skal stofnunin í kjölfarið vísa málinu til ráðherra með tillögum að friðlýsingarskilmálum og gera grein fyrir því hvort að náðst hafi samkomulag um friðlýsinguna við hlutadeigandi aðila. Sú tillaga að friðlýsingarskilmálum sem Umhverfisstofnun kynnir nú byggir á því samtali sem hefur átt sér stað á vettvangi samstarfshóps.

Kynning á tillögu að friðlýsingu

Umhverfisstofnun leggur hér með fram tillögu að friðlýsingarskilmálum fyrir þjóðgarð á sunnanverðum Vestfjörðum ásamt tillögu að mörkum svæðisins. Frestur til að gera athugasemdir við tillöguna er til og með 26. maí 2021. Athugasemdum má skila með tölvupósti á netfangið ust@ust.is eða senda með pósti til Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík. Umhverfisstofnun vekur athygli á því að innsendar athugasemdir eru hluti af stjórnslumáli og kunna að verða afhentar þriðja aðila sé óskað eftir í samræmi við upplýsingalög nr. 140/2012.

Frekari upplýsingar veita Freyja Pétursdóttir (frejap@ust.is) og Edda Kristín Eiríksdóttir (eddak@ust.is) með tölvupósti eða í síma 591-2000.

Virðingarfyllst

Freyja Pétursdóttir
sérfræðingur

Edda Kristín Eiríksdóttir
sérfræðingur